

SEPTEMBER 1880 fær Sighvatur Bjarnason, skrifari, útmældi lóð við Vesturgötu fyrir íbúðarhús, 12 x 10 álnir að grunnfleti. Húsið átti að standa 5 álnir frá veginum. Bygging hússins byrjaði snemma á árinu 1881 og í maí sama ár fær Sighvatur leyfi til þess að byggja fjögurra álna langan geymsluskúr við vesturgafli hússins.

Fyrsta brunavirðingin á eigninni var gerð 25. október 1881. Þar segir að húsið sé byggt af bindingi múruðum með múrsteinum og með járnþaki á plægðum borðum. Hliðar hússins eru klæddar borðum en austurgafllinn járnklæddur. Í húsinu eru fimm fullgerð herbergi auk eldhúss. Undir húsinu öllu er kjallari.

Samkvæmt íbúaskrá frá árinu 1885 búa í húsinu: Sighvatur Bjarnason skrifari, 26 ára, Þorbjörg Sighvatsdóttir, móðir hans, 57 ára, Halla Bjarnadóttir, dóttir hennar, 15 ára, Kristín Gísladóttir, vinnukona, 32 ára, Andres Andreson, verslunarmaður, 32 ára, Gunnar Þorbjörnsson, verslunarmaður, 20 ára og Guðmundur Jónsson, launamaður, 34 ára.

### Bankastjóri Íslandsbanka

Sighvatur Bjarnason byggði síðan húsið Amtmannstígur 2. Hann varð bankastjóri Íslandsbanka og um langt skeið bæjarfulltrúi í Reykjavík og forseti bæjarstjórnar á árunum 1916 til 1920. Kona hans var Ágústa Sigfúsdóttir. Árið 1906 fluttu Sighvatur og Ágústa að Amtmannstíg 2, í sérstaklega reisulegt hús sem Sighvatur hafði látið byggja. Þá var sonur þeirra, Sigfús P. Sighvatsson, aðeina þriggja ára.

Sigfús var eins og faðir hans mjög þekktur maður. Hann starfaði um nokkurt skeið á skrifstofu váttryggingafélagsins „Nye danske af 1864“ í Kaupmannahöfn en faðir hans hafði umboð fyrir tryggingarfélagið á Íslandi og var mikill áhugamaður um tryggingamál.

Hann tók við umboðinu af föður sínum látnum og starfaði við og þróaði váttryggingamál á landinu. Kona hans, Ellen Henrette, vann einnig við tryggingafélagið og tók við rekstri þess að honum látnum.

Porkell Bjarnason, prestur frá Reynivöllum í Kjós er næsti eigandi að húsinu. Porkell var fæddur 18. júní 1839 á Meyjarlandi á Reykjaströnd. Foreldrar hans voru Bjarni Bjarnason, hreppstjóri á Meyjarlandi og Sauða í Borgarhreppi. Móðir Porkells var Margrét Porkelsdóttir frá Fjalli í Sæmundarhlíð í Skagafirði. Porkeli var veitt Mosfell í Mosfellssveit 7. júní 1866. Hann var prestur á Reynivöllum í Kjós frá 11. maí 1877 til 13. janúar 1900. Kona hans var Sigríður Porkelsdóttir frá Lækjarkoti í Reykjavík.

Séra Porkell Bjarnason ritaði ágrípi af sögu Íslands, um búaðarhætti Íslendinga í fornöld ásamt ýmsum öðrum fróðleik. Hann lést 1902, eftir það var ekkja hans, Sigríður Porkelsdóttir í húsinu en hún lést 28. mars 1912.

Ludvig Hafliðason kaupmaður er næsti eigandi hússins í kringum 1915. Árið 1917 er húsið brunavirt eftir umtalsverðar endurbætur sem Ludvig lét gera á því. Í þeirri virðingu kemur fram að húsið er með kvisti, en í fyrstu virðingu er ekkert um hann getið.

Þá segir enn fremur að risið sé 4 1/2 álnir á hæð, þakið lagt pappa á 5/4" súð með járn yfir. Niðri eru fjögur íbúðarherbergi og eldhús en uppi þrjú herbergi. Herbergin með pappa á veggjum og ýmist máluð eða betrekkt. Þar eru tveir ofnar og ein eldavel. Í rislyfti eru þrjú íbúðarherbergi og framloft. Herbergin eru þiljuð og eitt þeirra með pappa á veggjum og betrekki, hin eru máluð. Uppi eru tveir ofnar.

Kjallari með steinsteyppugólfi 3 1/3 álnir á hæð er undir húsinu öllu. Kjallarinn er hlaðinn og er hleðslan límd saman með kalki, sennilega innfluttu.

Árið 1922 sækir Ludvig Hafliðason um leyfi fyrir að byggja hæð ofan á húsið en því var sýnað. Ludvig hafði árið 1915 hækkað skúr við norðurhlíð hússins og



Fremri röð: Sighvatur Kristján Bjarnason og Ágústa Sigfúsdóttir. Aftari röð: Emilía, Sigríður, Sigfús Pétur, Bjarni, Ásta og Jakobína Þuríður.

# Vesturgata 28

Þetta skemmtilega hús sem Sighvatur Bjarnason, einn af frumkvöðlum íslenskra váttrygginga, byggði stendur enn óbreytt, segir Freyja Jónsdóttir. Oft hefur gústað um það og peningamenn hafa viljað koma því í burtu og byggja stórhýsi á lóðinni. Sem betur fer hefur það ekki tekist.



Sigurður Gissurarson vérvirkjameistari.

fengið fullt leyfi til þess. Talsvert góð lóð var með húsinu og byggði Ludvig á austurhluta hennar þriggja hæða steinhús. Í því húsi ólst upp Haraldur Á. Sigurðsson leikari. Halldór Kiljan Laxnes tók á leigu herbergi í steinhúsinu en það mun ekki hafa verið fyrir en árið 1940.

### Múrað í grind

Næsti eigandi að húsinu var Sigurður Einarsson stórkaupmaður. Sigurður hafði hug á því að rífa eða flytja timburhúsið til þess að byggja á lóðinni þriggja hæða hús undir ýmis konar rekstur og íbúðir. Byggingafulltrúi leyfði ekki niðurrif hússins og árið 1945 var leyft að flytja það á lóð númer 10 við Sörlaskjól. Ekkert varð þó af flutningi þess og var það fljótlega til sölu þar sem það stóð og þurfti ekki að víkja nema þess yrði krafist.

Frá Bolungarvík komu ung hjón hingað suður í velmegunina, Sigurður Gissurarson og Ragnheiður Sóley Árnadóttir. Ragnheiður er



Vesturgata 28. Húsið var upphaflega byggt 1881. Í fyrstu brunavirðingu frá 25. október sama ár segir, að húsið sé byggt af bindingi múruðum með múrsteinum og með járnþaki á plægðum borðum.



Vesturgata 28 séð frá Ægisgötu. Þetta hús segir okkur söguna um það, hvernig vel efnaðir menn bjuggu um sig á sínum tíma, segir greinarhöfundur.



Hjónin Jónína Sæunn Gísladóttir og Árni Sumarliðason með börnum sínum Ragnheiði Sóley og Guðmundi Jóhannesi. Myndin var tekin á Ísafirði á meðan fjölskyldan bjó í Bolungarvík.

frá Bolungarvík en Sigurður var ættaður frá Litlu-Hildisey í Austur-Landeyjum. Ragnheiður og Sigurður kynntust þegar hann kom vestur að vinna í vélsmíðju Einars Guðfinnssonar.

Ungu hjónunum leist vel á húsið og keyptu það af Sigurði Einarssyni. Þegar átti að flytja það kom í ljós að það var múrað í grind og þar af leiðandi ekki hægt að flytja það í heilu lagi. Það má með sannri heppni fyrir þá sem unna sögu Reykjavíkur og vilja láta Vesturgötuna halda útliti sínu.

Eftir mörg ár fékkst lóðin endurheimt þannig að þau hjón keyptu lóðina sem húsið stendur á og dálítið pláss á bak við það. Það er því öruggt á sínum upphaflega stað um aldur og ævi. Stutt var fyrir Sigurð að fara í vinnuna því að hann fór til vélsmíðju Kristjáns Gíslasonar á Nýlendugötu og þar var hann yfirmaður. Hann var vérvirkjameistari og vann mikið við vélar í skipum, smíðaði hluti sem ekki fengust í vélaverslunum, einn af þessum þúsund þjala smíðum.

Þegar Ragnheiður og Sigurður keyptu húsið voru kolaofnar til upphitunar. Þeir voru mjög fallega munstraðir og auðsjáanlega af vönduðustu gerð. Þegar hitaveitan kom í húsið voru ofnarnir teknir og segist Ragnheiður sjá mjög mikið eftir þeim núna. Í þá daga þóttu kolaofnar ekki mikils virði, en þau hjónin gáfu ofnana. Kolakista var öðrum megin við skúrinn og var kistan höfð harðlæst.

Ungu hjónin hófu búskap í risinu en leigðu út frá sér niðri. Eftir nokkur ár fluttu þau á hæðina en foreldrar Ragnheiðar, Árni Sumarliðason og Jónína Sæunn Gísladóttir, komu frá Bolungarvík og bjuggu uppi. Þegar Sigurður og Ragnheiður fluttu á Vesturgötu 28 var dóttir þeirra, Krístrún Árný, aðeins þriggja mánaða. Bræðurnir Árni Jónsson Sigurðsson og Jón Sævar Sigurðsson eru báðir fæddir í húsinu.

Talsvert þurfti að gera húsinu til góða áður en Sigurður og Ragnheiður fluttu inn. Þá voru settir í það nýir gluggar en Ragnheiði þykir miður að þeir eru ekki eins og upphaflegir gluggar voru. Í þá daga var lítið hugsað um það þegar hús voru gerð upp að halda upphaflegu útliti. Gluggarnir eru fjögurra faga og upphaflegir gluggar hússins voru sex faga.

Í tíð Ragnheiðar og Sigurðar í húsinu hafa litlar breytingar átt sér stað. Sigurður breikkaði stigan upp í risið og öll gólf voru dúklögð. Ekki var nein baðaðstaða í húsinu þegar þau keyptu það og settu þau upp sturtu í kjallarann. Síðan var baðið flutt upp á hæðina og tekinn undir það skápur sem var innst á ganginum.

Hluti innréttinga í eldhúsi er upphaflegur, gerður úr panel. Í öllum loftum á hæðinni eru breiðir bitar eins og eru í Nesstofu og í Hafnarstræti 16 og fleiri húsum sem byggð voru á nítjándu öld. Herbergin eru ýmist betrekkt eða máluð og í annarri stofunni á hæðinni eru brjóstþil.

### Vandaðar spjaldahurðir

Allar innihurðir eru upphaflegar, mjög vandaðar spjaldahurðir. Útidyrhurð hússins er upphafleg en þarfnast viðgerðar. Í sunnan- og vestan átt stendur upp á dyrnar og eins og við borgarbúar vitum eru oft slæm vatnsveður í þessum áttum. Fyrir nokkrum árum var skipt um járn á öllu húsinu.

Þetta skemmtilega hús sem einn af frumkvöðlum íslenskra váttrygginga, Sighvatur Bjarnason, byggði stendur enn óbreytt. Oft hefur gústað um það og peningamenn hafa viljað koma því í burtu og byggja stórhýsi á lóðinni. Sem betur fer hefur það ekki tekist. Þetta hús segir okkur söguna um það hvernig vel efnaðir menn bjuggu um sig á sínum tíma.

Núna eiga heima í húsinu: Ragnheiður Sóley, Jón Sævar sonur hennar og eðalkötturinn Fífill Ljónshjarta, hreinræktaður persi, stoltur og stæðilegur.

Helstu heimildir eru frá Borgarskjalasafni og Húsadeild Arbæjarsafns.